

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjórnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	3.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjórnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6006670179	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í svínabú Stjórnugríss að Melum í Hvalfjarðarsveit.

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá 42. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Öruggar árekstursvarnir skulu tryggðar við rekstur húsaveyma. Einnig var rekstraraðila bent á að uppfæra greinagerðina um það hvernig BAT er uppfyllt á búinu saman ber því sem fram kemur í þessari skýrslu.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlits var að fara í gegnum BAT niðurstöður og innsenda greinagerð Stjórnugríss þess efnis ásamt skoðunarferð um búið og aðstæður á svæðinu.

Í eftirlitinu var ekið um lóð svínabúsins. Almennt var nokkuð snyrtilegt um að lítast. Sökum mikils frosts var ekki hægt að skoða þykkt og þéttleika skorpunnar í mikjugeyminum en rætt var um mögulegar útfærslur á innflæði í geyminn til að viðhalda heilleika skorpunnar.

Í eftirlitinu var farið í gegnum BAT niðurstöðurnar vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína með tilliti til innsendrar greinagerðar um það hvernig Stjórnugrís uppfyllir BAT. Skv Evrópureglugerð 2010/75 um losun í iðnaði skal BAT uppfyllt í síðasta lagi 17. febrúar 2021. Rætt var um það að rekstraraðili myndi uppfæra greinagerðina hið minnsta fyrir þau BAT sem sett eru fram í þessari skýrslu.

BAT 1: Umhverfisstjórnuarkerfi

BAT 1.1 gr. 1 gerir ráð fyrir að til að bæta heildarárangur í umhverfismálum að til staðar sé skuldbinding stjórnar um ábyrgð í umhverfismálum. Þessi skuldbinding var ekki til staðar í eftirlitinu.

BAT 1.1 gr. 3. gerir ráð fyrir að rekstraraðili haldi utan um framtíðar áætlanir og sértæk markmið við reksturinn. Það var ekki til staðar í eftirlitinu.

BAT 5: Skilvirk notkun vatns

Í greinagerð rekstraraðila kemur fram að í BAT 5 a) sé vatnsnotkun áætluð skv. þörfum dýranna árlega. Skv. BAT skal halda skrá yfir vatnsnotkun sem ekki er gert nema í reikningi frá vatnsveitunni þar sem fram kemur árlegur fjöldi rúmmetra vatns sem rekstraraðili borgar fyrir.

BAT 10. Hávaðamengun

Í greinagerð rekstraraðila kemur fram um BAT 10 að það eigi ekki við. Umhverfisstofnun telur engu að síður að rekstraraðili þurfi að uppfylla BAT 10.

BAT 12. Losun lyktar

Í greinagerð rekstraraðila kemur fram að þetta BAT eigi ekki við þar sem engir viðkvæmir viðtakar eru til staðar. Umhverfisstofnun telur að samkvæmt skilgreiningunni á viðkvæmum viðtökum í BAT niðurstöðunum þá séu íbúðabyggðir skilgreindar sem viðkvæmir viðtakar og að ekki sé gerður greinar munur á fjölda húsa í íbúðabyggðinni þar af leiðir að eitt hús hefur sama vægi og mörg. Rekstraraðili hefur undanfarin ár framkvæmt ýmsar aðgerðir sem miða að minnkun losun lyktar frá rekstrinum. Samkvæmt BAT 12 þarf rekstraraðili, í þeim tilfellum þar sem búist er við lyktarópþægindatilvikum eða þau hafa verið staðfest, að koma í framkvæmd og endurskoða reglulega áætlun um lyktarstjórnu sem hluta af umhverfisstjórnuarkerfinu (BAT 1).

BAT 13. Losun lyktar

Rekstraraðili hefur þegar ráðist í margskonar aðgerðir til að minnka losun lyktar. Þessar aðgerðir koma þó ekki fram í greinagerðinni.

BAT 15. Losun frá geymslu húsdýraáburðar í föstu formi

Skv BAT 15 þarf að nota sambland af þeirri tækni sem tiltekin er, þ.e fleiri en einni tækni.

BAT 16. Losun frá geymslu fyrir fljótandi húsdýraáburð

Til að draga úr losun ammoníaks skal nota sambland af tilgreindri tækni í BAT 16, þ.e nota skal fleiri en eina tækni. Í Greinagerð rekstraraðila er einungis tekið fram að húsdýraáburður í fljótandi formi sé geymdur bæði í lokuðum tanki og í opnum tanki með flotlagi og vantar því að bæta við einni tækni enn til að uppfylla BAT um að nota sambland af tilgreindri tækni.

BAT 29. Vöktun á losunar og ferilbreytum

Í BAT 29 eru settar fram ferilbreytur sem vakta á að minnsta kosti einu sinni á ári. Í eftirlitinu kom fram að fylgst er með öllum þessum breytum á hverju ári en engar þeirra eru brotnar niður í smærri einingar heldur er einungis fylgst með heildarnotkun á árs grundvelli.

BAT-AEL Viðmiðunargildi sem tengjast bestu, fánlegu tækni.

Í BAT niðurstöðunum fyrir þéttbært eldi alifugla eða svína eru sett fram þrjú BAT-AEL eða viðmiðunargildi sem tengjast bestu fánlegu tækni. Gildi eru sett fram fyrir þrjá mælipætti:

1. Heildarmagn köfnunarefnis, sem er losað sem úrgangsefni
2. Heildarmagn fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni
3. Losun ammoníaks í andrúmsloft frá hverju svínahúsi

Þessi gildi skulu uppfyllt þegar 4 ár eru liðin frá birtingu BAT.

Í eftirlitinu var ekki hægt að sýna fram á mælingar eða útreikninga fyrir þessi gildi.

Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili ætlar að sækja sér sérfræði aðstoð til að mæla eða reikna magn þessara gilda sem koma frá stöðinni. Farið verður yfir þessi gildi í næsta eftirliti.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

42. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Olíutankar á lóð rekstraraðila eru án árekstrarvarna.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili þarf að fara í gegnum alla BAT sem tilgreindir eru í þessari skýrslu og uppfæra greinagerð sína um BAT samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni.

Búið er að tengja heitt vatn inn í húsin og mun breytingin frá olúkyndingu yfir í heitavatns kyndingu eiga sér stað á næstu vikum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort gamla kyndikerfið verði tekið niður eða haft áfram sem varakynding. Ef gamla kerfið verður látið vera er mikilvægt að komið verði fyrir árekstrarvörnum á olútankinum. Einnig þarf að skoða hvort þörf sé á að koma fyrir einhverskonar olúfelli þar sem niðurfali er staðsett nálægt olúgeyminum og hallar malbikið að niðurfallinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.03.2022

Kristín Kröyer

